

Nóvember 2002

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum



Sjálfsmatsaðferðir Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum



Vinnuhópur um sjálfsmat

Inngangur

Vinnuhópi um sjálfsmat í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum var komið á fót í ágúst 2002 af tilefni niðurstöðu úttektar á sjálfsmatsaðferðum skólans sem reyndust ófullnægjandi.

Fundir eru haldnir vikulega á þriðjudögum kl. 13:00-14:00, einnig er vinna milli funda. Í hópnum eiga sæti Elísabet Ruth Guðmundsdóttir forstöðumaður skólabókasafns, Helga Kristín Kolbeins aðstoðarskólameistari og Ragnar Óskarsson verkefnisstjóri. Hópurinn fékk það verkefni að bregðast við niðurstöðum úttektaraðila á sjálfsmatsaðferðum skólans.

Í greinargerð úttektaraðila eru taldir upp þættir sem skólinn ætti að huga að til að uppfylla þau skilyrði sem Menntamálaráðuneytið hefur sett um sjálfsmat.

"Æskilegt er að skólinn setji fram framtíðarsýn og meginmarkmið til að ná þeirri sýn. Í framhaldinu væri gott að fara í SVÓT greiningu á skólanum og finna út núverandi stöðu gagnvart þeim meginmarkmiðum sem sett væru fram. Þessari vinnu væri síðan gott að ljúka með aðgerðaráætlun um hvernig brúa skuli bilið milli núverandi stöðu og framtíðarsýnar. Setja þarf upp opinbera og skjalfesta verkáætlun þar sem fram kemur með skýrum hætti hvernig staðið er að sjálfsmatinu, hver ber ábyrgð á ólíkum þáttum þess og stjórnun, hvernig farið verður með upplýsingar ..."

(Greinargerð úttektaraðila 2002)

Vinnuhópurinn hafði þessa greinargerð til hliðsjónar þegar hann vann að úrbótum á sjálfsmatsaðferðum skólans. Hópurinn vann að stefnuskrá skólans en í henni kemur fram framtíðarsýn og meginmarkið til að ná þeirri sýn. Til að gera markmiðin sýnilegri voru sett fram deilimarkmið ársins og ætlum við að endurskoða þau ásamt stefnuskránni árlega.

Vinnuhópurinn bjó til könnun til að greina stöðu skólans – sterkar og veikar hliðar. Þessi könnun var lögð fyrir allt starfsfólk skólans ásamt skólanefnd.

Skólinn hafði ákveðið að styðjast við Samhæft árangursmat (balanced scorcard) til að útfæra stefnu skólans, miðla henni og fylgjast með hvernig gengur að framkvæma hana. Búið var að greina stefnuna í lykilþætti og fellu þeir þættir að nýsamþykktri stefnuskrá skólans. Búið var að skilgreina flesta mælikvarða, en það átti eftir að útfæra þá og það gerði vinnuhópurinn. Hópurinn vann ramma fyrir sjálfsmatsáætlun skólans fyrir árin 2002-2005 sem síðan er fylgt námkvæmlega út í með nýrri framkvæmdaráætlun í upphafi hvers skólaárs. Þess er gætt að allir þættir skólastarfsins séu metnir eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Við höfum því í höndunum í dag opinbera og skjalfesta verkáætlun þar sem fram kemur með skýrum hætti hvernig staðið er að sjálfsmatinu.

Stefnuskrá Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Skólaárið 2002 - 2003

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum vill með stefnuskrá sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla.

Hlutverk

Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að gera nemendum kleift að stunda sem fjölbreyttast nám í sinni heimabyggð.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum mun leitast við að:

- ☐ bjóða upp á fjölbreytt og gott nám.
- ☐ hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar og þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- ☐ auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfa þá í gagnrýnni hugsun.
- ☐ efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- ☐ efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- ☐ þjálfa nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.

Markmið

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Leiðir

Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að:

■ leggja áherslu á námsframboð í samræmi við þarfir samfélagsins og efla kennslu og stoðþjónustu

Mikilvægt er að námsframboð þjóni því meginhlutverki skólans að veita nemendum góða almenna menntun og undirbúning fyrir frekara framhaldsnám. Skólinn verður að vera fær um að bjóða upp á fjölbreytt nám en um leið þarf að hyggja vel að þeirri verkaskiptingu sem framhaldsskólarnir munu taka upp á næstu misserum.

• Námsframboð í samræmi við þarfir samfélagsins

- Áhersla verði lögð á uppbyggingu trausts almenns bóknáms í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla 1999.
- Skólinn stefni að því að styrkja markvissa uppbyggingu verknáms. Þáttur hönnunar í verkmenntun og á sviði hugbúnaðar verði efldur.
- Sérdeild við skólann verði eflð og taki hún mið af þörfum nemenda hverju sinni. Hún hafi það meginhlutverk að þjóna nemendum sem þurfa á sérúrræðum að halda í námi sínu.
- Almenn námsbraut verði eflð. Starfsnám verði hluti af námi brautarinnar.
- Boðið verði upp á sérþjónustu við nemendur með góðar einkunnir úr 10. bekk grunnskóla.
- Skrá yfir áfanga í boði verði endurskoðuð reglulega.
- Fjarkennsla verði í boði þar sem unnt er að koma henni við.

- **Kennsla verði efl**

- Deildir taki markmiðssetningu reglulega til endurskoðunar. Brýnt er að fyrir liggi til hvers sé ætlast með náminu og með hvaða hætti það verði best kynnt nemendum.
- Hver deild leiti reglulega leiða er hvetji kennara til að örva nemendur í tímum og veiti þeim jákvæða athygli og umbun fyrir gott starf.
- Aðferðir við námsmat verði skoðaðar reglulega, s.s. próf, skil verkefna, umbun, takmarkanir o.fl. Fyllsta samræmis verði jafnan gætt við námsmat.
- Kennsluáætlanir verði eins ítarlegar og kostur er. Í kennsluáætlunum verði skilgreint hvernig námsmat fyrir hvern áfanga er sett saman.
- Sérstök úttekt verði gerð á námsárangri nemenda skólans með reglulegu millibili. Leitað verði skýringa á sýnilegum vandamálum og sérstaklega skoðað hverju megi breyta án þess að kröfur verði minnkaðar.
- Samþætting námsgreina verði efl.
- Kannaðir verði möguleikar til nýjunga í kennsluháttum.
- Vettvangskennsla verði efl.
- Skólinn veiti viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur og skólasókn.

- **Stoðþjónusta verði efl**

- Náms- og starfsráðgjöf verði efl í samræmi við breyttar áherslur í skólastefnu Menntamálaráðuneytisins.
- Bókasafn skólans og lesaðstaða nemenda verði efl. Bókasafnið bjóði upp á sem flesta þætti upplýsingatækni.

- Nemendur með sértæka námsörðugleika fái nauðsynlega aðstoð við námið.
- Nemendum verði boðið upp á heilsugæsluþjónustu á vegum skólans í samráði við skólahjúkrunarfræðing.

■ gera stjórnun skilvirka

Mikilvægt er að verkaskipting starfsmanna skólans sé skýr. Einnig er nauðsynlegt að boðleiðir verði eins greiðar og nokkur kostur er.

■ Verkaskipting og kynning hennar sé skýr

- Handbók skólans verði gefin út og endurskoðuð reglulega. Í handbókinni verði allar nauðsynlegustu upplýsingar um starfsemi skólans.
- Starfslýsingar starfsmanna skólans verði birtar í handbók skólans. Þær verði endurskoðaðar reglulega m.a. með hliðsjón af breytingum sem kunna að verða vegna ákvarðana Menntamálaráðuneytisins.
- Sjálfsmatsnefnd stýri sjálfsmati og gæðastjórnun í skólanum. Starfssvið hennar verði skilgreint í starfslýsingu.
- Gæðastjórnun í skólanum verði altæk. Nemendur taki virkan þátt í henni. Þeim verði gert kleift að leggja mat á þá þjónustu sem skólinn býður upp á. Nemendur eiga rétt á að bera fram athugasemdir og leggja fram tillögur um það hvernig skólinn býr þá undir framtíðina.
- Stefnt verði að því að kennarar sem kenna sömu greinar, umsjónarkennarar og verkefnisstjórar taki virkan þátt í stjórnun skólans í samræmi við hlutverk sitt.
- Starfsmönnum skólans verði markvisst gert kleift að sækja ráðstefnur og námskeið sem tengjast starfi þeirra.
- Starf forvarnafulltrúa verði eftl.

Boðleiðir séu greiðar

- Fundir skólanefndar verði að jafnaði mánaðarlega. Skólaráð komi saman hálfsmánaðarlega og kennarafundir verði að jafnaði einu sinni í mánuði.
- Vinnufundir umsjónarkennara verði skipulagðir í samvinnu við þá í upphafi hverrar annar, sérstaklega í tengslum við námsáætlanir og val.
- Fundir og/eða sameiginleg vinna í deildum verði að jafnaði tvisvar í mánuði.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, námsráðgjafi og verkefnisstjórar haldi vikulega samráðsfundi.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri haldi samráðsfundi vikulega.
- Helstu verkefni vikunnar verði kynnt á kennarastofu í hádeginu hvern mánudag.

Reglum skólans sé fylgt eftir

- Almennar skólareglur verði endurskoðaðar reglulega og afhentar nemendum í byrjun hverrar annar.
- Starfsmenn tilkynni veikindi sín á skrifstofu skólans, svo og leyfi vegna námskeiða, ferðalaga o.fl.
- Húsvörður hafi með höndum ýmiss konar eftirlitsstörf til að bæta umgengni í skólanum.

■ skapa gott húsnaði og bæta búnað

Mikilvægt er að halda áfram uppbyggingu skólahússins og bæta búnað til kennslu á sem flestum sviðum

- **Skapað verði gott húsnaði fyrir skólann**

- Brýnasta verkefnið er viðbygging við vesturálmú skólans.
- Í framhaldi af áætlun um aukna verkmenntun þarf að undirbúa skipulag verknámsaðstöðu í nýbyggingu.

- **Búnaður skólans verði bættur**

- Skólinn fái eins fullkominn tölvubúnað og kostur er og allan annan nauðsynlegan kennslubúnað sem endurnýjaður verði eftir þörfum.
- Nauðsynlegur búnaður á bókasafni skólans verði eflður á næstu árum.
- Stefnt verði markvisst að því að skólinn fái allan þann annan kennslubúnað sem nauðsynlegur er.

- **efla hollt félagslíf nemenda**

Heilbrigt og þróttmikið félagsstarf, þar sem allir nemendur taka virkan þátt, er hverjum skóla mjög mikilvægt. Skólinn vill styrkja og efla félagslíf nemenda innan skólans.

- **Nemendur séu virkir í félagslífi skólans**

- Félagslíf nemenda verði stóreflt. Sköpuð verði góð skilyrði fyrir ýmiss konar félagsstarfsemi nemenda í skólanum. Nemendur hafi aðgang að húsnaði skólans utan daglegs skólatíma í samræmi við reglur sem skólaráð setji.
- Þess verði jafnan gætt að blaðaútgáfa nemenda verði vönduð.

- **Áhersla sé lögð á heilbrigða lífshætti í félagsstarfi**

- Áhersla verði lögð á að styrkja þá þætti félagslífsins þar sem lítil hætta er á að nemendur neyti áfengis eða ólöglegra vímuefna. Í þessu skyni verði sérstaklega reynt að efla starfsemi ýmissa klúbba er starfa í húsnaði skólans. Forvarnarfulltrúi og félagsmálafulltrúi verði tengiliðir við nemendafélagið að þessu leyti.
- Forvarnastarf verði nákvæmlega skipulagt í samvinnu við forvarnarfulltrúa, starfsmenn, nemendafélagið, bæjaryfirvöld og allar þær stofnanir sem kunna vel til verka.
- Árshátíð skólans verði haldin hverju sinni með vandaðri dagskrá og reynt að gæta þess þann dag að nemendur neyti hvorki áfengis né annarra vímuefna.

- **Stjórn skólans veiti félagsstarfi nemenda góðan stuðning**

- Reynt verði af fremsta megni að útvega nemendafélaginu nauðsynlegan tækjabúnað, s.s. tölvur o.fl.
- Skólaráð og félagsmálafulltrúi fylgist vel með því hvernig fjármunum nemendafélagsins er varið.
- Stjórn skólans veiti nemendum reglulega viðurkenningar fyrir gott félagsstarf.

- **bæta umgengni í skólanum**

Umgengnisreglur í skólahúsnaðinu og á skólalóðinni séu skýrar.

- Umgengni innan skólans sé ætíð í góðu lagi

- Samkvæmt reglum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis eru reykingar ekki leyfðar í skólanum né á lóð skólans. Húsvörður og kennarar undir umsjón aðstoðarskólameistara fylgist eins vel með því og unnt er að reglur þessar séu virtar.

- Engum er leyft að ganga um skólann á útiskóm. Skógeymsla er á jarðhæð skólans og auk þess geta nemendur fengið afnot af skápum gegn gjaldi.

- **Umgengni á lóð skólans og í grennd hans sé skólanum til sóma**

- Reglubundið eftirlit verði haft með því að rusli sé ekki hent í námunda við skólann.
- Bílastæði skólans eru ætluð starfsfólki og nemendum skólans.
- Lögð verði mikil áhersla á gætilegan akstur við skólann. Lögregla og bæjaryfirvöld verði skólanum til aðstoðar í þessum málum.

- **bæta ástundun nemenda**

Mikilvægt er að nemendum sé gert ljóst að nám í skólanum er fullt starf sem ber að sinna af alúð og samvirkusemi. Samkvæmt skólasóknarreglum er heimilt að vísa nemanda frá námi og prófum uppfylli hann ekki lágmarkskröfur um skólasókn. Skólaráð afgreiðir álitamál í þessum efnum.

- **Áhersla sé lögð á góða háttsemi í starfi skólans**

- Reglulega verði skipulagt átak til að bæta ástundun nemenda í námi og efla sem mest almenna háttvísi þeirra.
- Allir starfsmenn skólans sýni nemendum gott fordæmi með stundvísi.

- **Skráning skólasóknar sé virkt tæki til aðhalds fyrir nemendur**

- Fjarvistaskráning verði í höndum kennara. Umsjónarkennarar skoði hálfsmánaðarlega lista yfir nemendur með slæma skólasókn og kalli í framhaldi af því þá nemendur í viðtöl og vari þá við.
- Nemendur tilkynni veikindi í síma hvern veikindadag. Heildar-skólasókn nemenda verði skráð og birt mánaðarlega.
- Foreldrar, sem stunda nám við skólann, geta sótt um frjálsa skólasókn til skólaráðs sem setur þeim ákveðin skilyrði varðandi námið.

- **auka samvinnu við íbúa, fyrirtæki og aðra skóla**

Í framtíðinni er stefnt að því að húsnaði skólans megi nota til ýmiss konar starfsemi utan hefðbundins skólatíma. Þar má nefna námskeiðahald, fyrirlestra o.fl. Fjarfundabúnaður sá sem komið hefur verið upp í skólanum opnar og margvíslegar leiðir til aukinnar notkunar skólans.

- **Boðið verði upp á fjölbreytt námskeið og fjölbreytni í kennslu**

- Skólinn bjóði upp á ýmiss konar kvöld- og helgarnámskeið fyrir íbúa bæjarfélaganna.
- Skólinn skipuleggi námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja og félaga í ýmsum samtökum.
- Deildir skólans vinni markvisst að því að fá gestafyrirlesara í tíma.

- **Efld verði samvinna við ýmsa aðila**

- Skólinn efli markvisst samvinnu við sem flestar stofnanir og félög í Vestmannaeyjum.
- Skólinn auki tengsl sín við atvinnulífið sem mest og geri áætlun í samvinnu við fyrirtæki í Vestmannaeyjum um hvernig slík aukning

geti orðið. Í því sambandi er bent á mikilvægi þess að fyrirtæki taki nemendur í starfsþjálfun í samráði við skólann.

- Samskipti við skóla innanlands verði eflð og erlend samskipti tekin upp. Fjármagn ræður hér ferðinni eins og gefur að skilja en mikilvægt er að skilningur manna á þessum merka þætti skólastarfsins verði aukinn með góðri kynningu.
- Unnið verði að því að koma á föstum tengslum við fyrrverandi nemendur skólans.

■ efla útgáfustarfsemi og kynningu á starfsemi skólans

• Útgáfustarfsemi verði eflð

- Skólinn og nemendafélagið gefi út sameiginlega Fréttablað skólans. Fréttablaðið komi út a.m.k. tvisvar sinnum á skólaári. Áfangastjóri hafi umsjón með útgáfunni en skólaráð verði útgáfunefnd blaðsins. Í blaðinu birtist fréttir frá skólanum, greinar frá nemendum og starfsmönnum, sögur, ljóð og skemmtiefni af ýmsu tagi.
- Skólaráð hafi eftirlit með útgáfumálum nemenda.
- Heimasíða skólans verði eflð undir stjórn umsjónarmanns heimasíðu.

• kynning á starfsemi skólans verði aukin

- Skólinn gefi út ársskýrslu liðins árs og ársáætlun byrjaðs árs fyrir 15. febrúar ár hvert.
- Starfsemi skólans verði rækilega kynnt fyrir íbúum bæjarfélagsins með ýmsu móti, s.s. kynningarbæklingum, heimasíðum og vönduðum auglýsingum. Vestmannaeyingum verði boðið reglulega í heimsókn í skólann þar sem starf hans er kynnt.
- Höfuðáhersla verði lögð á kynningu á góðu almennu námsframboði Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum sem virkum skóla í samfélagi

(Community School) og átaki hans í ýmsum málum, s.s. forvarnastarfi, félagslífi, almennri umgengni o.fl.

- Skólinn stefni að því að verða virkt afl í menningarlífi Vestmannaeyjabæjar.

Deilimarkmið á árunum 2002 og 2003:

- 95% allra innritaðra nemenda skili sér í próf í annarlok.
- 90% innritaðra nemenda á almennri braut skili sér í próf í annarlok.
- 80% innritaðra nemenda á almennri braut ljúki skilgreindu lokaprófi eða haldi áfram námi á öðrum brautum.
- 90% nemenda verði með yfir 80% skólasókn í lok annar.
- Skólanámskrá verði endurskoðuð í byrjun hvers skólaárs.
- Fyrsta útgáfa sjálfsmatsskýrslu skólans verði tilbúin í október 2004.
- Sjálfsmatsskýrsla verði gefin út árlega.
- Viðhorfskannanir meðal starfsmanna og nemenda verði í lok hverrar annar frá og með haustönn 2002.
- Þeir nemendur almennu brautarinnar, sem stunda námið vel, verði verðlaunaðir sérstaklega.
- Sérstakt kynningarrit verði gefið út um fjarnám í skólanum og dreift til íbúa Vestmannaeyjabæjar í byrjun skólaársins 2003-2004.
- Skjávarpa- og tölvubúnaður skólans verði efldur.

„Greining á stöðu skólans – sterkar og veikar hliðar“

Greiningin var gerð meðal starfsfólks Framhaldsskólans dagana 21.-25. okt. sl. Alls fengu 29 starfsmenn greiningarblað. Af þeim skiluðu 18 sínu blaði eða 62%.

Greiningarblaðið var þannig:

Greining á stöðu skólans – Sterkar og veikar hliðar

Starfsfólk og skólanefnd FÍV

Vinsamlegast nefndu í mjög stuttu máli þau atriði sem þú telur hæfa undir hverjum lið hér að neðan:

Helsti styrkur skólans:

Helstu veikleikar skólans:

Hvað ógnar skólastarfi helst:

Framtíðarmöguleikar skólans:

Sjálfsmatsnefnd hefur flokkað niðurstöðurnar með eftirfarandi hætti:

Helsti styrkur skólans:

- Flestir telja stærð skólans (smæð) vera helsta styrk hans.
- Næstflestir telja hæft starfsfólk vera helsta styrk.
- Því næst eru þeir sem telja skólabraginn einn meginstyrk skólans.

Aðrir þættir sem nefndir voru eru þessir:

- Húsnæði
- Sveigjanleiki
- Fáar óþarfa tilskipanir að ofan frá stjórnendum
- Bókasafnið (Skólasafnið)
- Kennslugögn
- Snyrtilegur skóli og umhverfi
- Persónuleg tengsl nemenda og kennara
- Góðir námsmenn
- Nokkrir áhugasamir kennarar

Helstu veikleikar skólans:

- Flestir telja smæð skólans vera helsta veikleikamerki hans. (Sjá einnig helsta styrk)
- Jafnmargir telja agaleysi helsta veikleikann

Aðrir þættir sem nefndir voru eru þessir:

- Lítið námsframboð
- Ómarkvissir kennarafundir
- Of lítil tengsl við samfélagið
- Tortryggni í garð skólans meðal margra bæjarbúa
- Minnimáttarkennd skólans gagnvart öðrum skólum og stofnunum
- Ónæg kennslugögn
- Ekki nógu góð húsgögn
- Að allir nemendur hfhái aðgang að skólanum
- Of einhæft nám
- Skortur á iðnnámi
- Metnaðarleysi í „skólamóral“

Hvað ógnar skólastarfi helst:

- Flestir telja íbúaþróun helstu ógnina
- Næstflestir telja lítið námsframboð ógnun

Aðrir þættir sem nefndir voru eru þessir:

- Fjárlög
- Stefnuleysi
- Stærð skólans
- Agaleysi
- Skortur á faggreinakennurum
- Skortur á upplýsingum
- Of lítill skilningur yfirvalda á starfi og hlutverki
- Neikvæð ímynd
- Skortur á „styttri brautum“
- Lélegir nemendur

Framtíðarmöguleikar skólans:

- Flestir telja sérstöðu skólans meðal helstu framtíðarmöguleika hans
- Jafnmargir telja framtíðarmöguleikana felast í tengslum við atvinnulífið
- Næstflestir telja möguleikana felast í fjarnámi á vegum skólans
- Þá koma þeir sem telja sjávarútvegsbraut meðal helstu framtíðarmöguleika

Aðrir þættir sem nefndir voru eru þessir:

- Iðnbraut
- Netagerð
- Tengsl við menningu
- Kynningar á sal skólans
- Fullorðinsfræðsla
- Endurmenntun
- Stuttar starfsbrautir
- Heimavist
- Nánast ótæmandi bjartir og miklir möguleikar á næsta leiti

Samhæft árangursmat (balanced scorcard)

Hlutverk skólans -Aðalnámskrá

Markmið og leiðir -Skólanámskrá

↓ ↓ ↓ ↓ ↓				
Lykilþættir og lykilstærðir í skólastarfinu				
Vöxtur/þróun ↓	Ánægja viðskiptavina ↓	Frammistaða starfsm. ↓	Gæði skólastarfs ↓	Fjárhagsleg frammistaða ↓
Mælikvarðar (Ef eitthvað gerist, mælist það)				
Nemendafjöldi Brautir Húsnæði Búnaður Þróunarstarf	Viðhorf –nemenda -foreldra -atvinnulífs Skráning og meðhöndlun kvartana Umfjöllun í fjölmiðlum Gegni útskrifaðra nemenda	Einkunnir Skólasókn Áfangamat Viðtöl Starfsánægja Mannabreytingar Menntun Laun Námskeið Fjarvistir	Skólabragur Kennsla Félagslíf Tengsl út á við Vímuvarnir Umhverfismál	Fjárlög Rekstraráætlun Rauntölur Innra eftirlit

Hvernig notum við mælikvarðana

Hvað er mælt – hvernig/hvenær er mælt – hverjir mæla

A. Vöxtur/þróun

Mælikvarðar	Hvað er mælt	Hvernig /hvenær er mælt	Hverjir mæla
Nemendafjöldi	Fjöldi innritaðra nemenda. Fjöldi nýnema. Fjöldi sem fer í próf. Fjöldi sem útskrifast. Áætlanir hversu margir útskrifast úr grunnskóla og hvaða áhrif hefur það á nemendafjölda FÍV.	Upplýsingar fengnar úr nemendabókhalði á hverri önn. Við upphaf og lok annar. Horft 3 ár fram í tímann varðandi áætlanir um nemendafjölda.	Áfangastjóri ásamt fulltrúa sjálfsmatsnefndar.
Brautir	Hvernig skiptast nemendur á brautir? Hvert stefnir hugur þeirra sem hyggast stunda nám við skólann?	Upplýsingar fengnar úr nemendabókhalði. Samstarf við námsráðgjafa grunnskóla um hvert leiðir liggja. Þetta er mælt árlega og gerðar áætlanir 3 ár fram í tímann og þær áætlanir endurskoðaðar árlega. (að vori)	Námsráðgjafi Skólastjórnendur Ásamt fulltrúa sjálfsmatsnefndar
Húsnæði	Hvernig er húsnæðið og hver er þörfin. Uppfyllir húsnæðið þær kröfur sem við gerum?	Farið er yfir húsnæðismálin árlega (að vori) og gerðar tillögur um úrbætur. Farið yfir niðurstöður vinnuhóps frá fyrra ári og skoðað hvort eitthvað hefur áunnist og hvort þörfin hefur breyst.	Vinnuhópur sem skipaður er úr hópi starfsmanna. Umsjónarmaður húseigna leiðir hópinn. Ásamt fulltrúa sjálfsmatsnefndar
Búnaður	Hvaða búnaður er til í skólanum? Stenst hann þær kröfur sem gerðar eru?	Farið er yfir búnað skólans árlega (að vori) og gerðar tillögur um úrbætur. Farið er yfir niðurstöður vinnuhóps frá fyrra ári og skoðað hvort eitthvað hefur áunnist og hvort þörfin hafi breyst.	Vinnuhópur sem skipaður er úr hópi starfsmanna ásamt fulltrúa sjálfsmatsnefndar.
Þróunarstarf	Hvaða þróunarstarf er verið að vinna í skólanum? Gerðar áætlanir um æskileg þróunarverkefni sem byggðar eru á stefnuskrá skólans ásamt athugun á styrkleikum og veikleikum skólans. Hver eru markmiðin?	Farið er yfir hvaða þróunarstarf er verið að vinna á hverri önn og athugað hvort markmið starfsins hafi náðst. Farið er yfir þróunarstarf á kennarafundi og metið hvernig til hefur tekist, hvað hefur tekist vel og hvað má betur fara. Alltaf er athugað hvernig viðskiptavininum hefur líkað og leitað eftir skoðunum hans með viðtölum um hvernig hann metur að til hafi tekist.	Kennarafundur ásamt fulltrúa sjálfsmatsnefndar

B. Ánægja viðskiptavina

Mælikvarðar	Hvað er mælt	Hvernig /hvenær er mælt	Hverjir mæla
Nemenda Viðhorf Foreldra Atvinnulífs	Viðhorf þessara aðila til skólans	Notaðar eru viðhorfakannanir og viðtöl eftir því sem við á. Tekinn er fyrir einn hópur árlega og viðhorf hans mæld.	Sjálfsmatsnefnd og stjórnendur
Skráning og meðhöndlun kvartana	Fjöldi kvartana og farið yfir ferli hvernig kvartanir eru meðhöndlaðar og hvort ferlið sé ekki í samræmi við þau lög og þær reglur sem gilda um skólann.	Kvartanir eru skráðar jafnóðum og þær berast. Farið er yfir þær skráningar og þeim safnað á einn stað. Farið yfir hvernig kvartanir eru meðhöndlaðar og hverjir það eru sem fá kvartanir. Hvers konar kvartanir koma fram. Þetta er gert árlega.	Námsráðgjafi sjálfsmatsnefnd stjórnendur og annað starfsfólk skólans
Umfjöllun í fjölmiðlum	Hversu mikið og hvernig er fjallað um skólann í fjölmiðlum og í hvaða fjölmiðlum umfjöllunin er.	Upplýsingum safnað á bókasafni. Farið yfir árlega hvers konar umfjöllun er um skólann og metið er hvort hún er jákvæð eða neikvæð. Gert árlega	Forrstoðumaður bókasafns ásamt fultrúa sjálfsmatsnefndar
Gengi útskrifaðara nemenda	Hvað hefur orðið um þá nemendur sem hafa útskrifast. Hvaða „afurðum“ er skólinn að skila?	Kannanir sendar til útskrifaðra nemenda. Gert á 3. ára fresti.	Sjálfsmatsnefnd

C. Frammistaða starfsmanna

Mælikvarðar	Hvað er mælt	Hvernig /hvenær er mælt	Hverjir mæla
Einkunnir	Hvernig er námsmat í áföngum? Hvernig er samræmi á milli greina og innan greina?	Námsmat hvers áfanga er skráð í nemendabókhalld. Allar einkunnir eru skráðar í nemendabókhalld. Mælt á hverri önn.	Áfangastjóri ásamt fultrúa sjálfsmatsnefndar
Skólasókn	Hvernig er skólasókn nema? Hvers eðlis eru fjarvistir nema?	Skólasókn er færð í nemendabókhalld. Símat en sérstök úttekt út á hverri önn.	Áfangastjóri ásamt fultrúa sjálfsmatsnefndar
Áfangamat	Hvernig líkar nemendum einstaka áfangar? Hvað er vel gert og hvað má betur fara?	Könnun gerð á hverri önn. Valið úrtak.	Sjálfsmatsnefnd
Viðtöl	Hvers konar viðtöl á að taka og hvers vegna á að taka þau? Hverju eiga þau að skila?		Skólameistari
Starfsánægja	Hvernig á að mæla gleði?		

Mannabreytingar	Hvaða breytingar hafa orðið og hvaða breytingar eru fyrirhugaðar til að skólinn geti sinnt hlutverki sínu.	Notum starfsmannaskrár og mannauðskerfi. Mælt árlega	Skólameistari
Menntun	Hver er menntun starfsfólksins?	Notum starfsmannaskrár og mannauðskerfi. Mælt árlega	Skólameistari
Laun	Hvaða laun er verið að greiða og fyrir hvað?	Upplýsingar úr launabókhalði, vinnuskýrslur. Mælt ársfjórðungslega.	Skólameistari, trúnaðarmenn og samstarfsnefnd
Námskeið	Hvaða námskeið hefur starfsfólk sótt og á vegum hverra.	Notum starfsmannaskrár og mannauðskerfi. Mælt árlega	Sjálfsmatsnefnd ásamt áfangastjóra
Fjarvistir	Hversu miklar fjarvistir eru hjá starfsmönnum, eðli og orsakir.	Notum starfsmannaskrár og mannauðskerfi. Mælt á hverri önn.	Skólameistari

D. Gæði skólastarfs

Mælikvarðar	Hvað er mælt	Hvernig /hvenær er mælt	Hverjir mæla
Skólabragur	Hvernig er bragurinn innan skólans. Hvaða þættir eru mest áberandi.	Kannanir meðal nemenda og starfsfólks. Gert á þriggja ára fresti.	Sjálfsmatsnefnd
Kennsla	Hvað einkennir gæði kennslu? Hvernig er góð kennsla skilgreind? Hvernig er kröfunni um góða kennslu fylgt eftir.	Vettvangsathuganir. Jafningjamat. Framkvæmt á hverju ári.	Vinnuhópur ásamt fulltrúa úr sjálfsmatsnefnd.
Félagslíf	Hvað er gert og hvernig? Fundin svör. Fullnægir félagslífið þeim kröfum sem gerðar eru til þess?	Vettvangsathuganir. Viðtöl. Kannanir Framkvæmt á hverju ári	Félagsmálafulltrúi auk aðila sem tilnefndir eru af sjálfsmatsnefnd ásamt einum fulltrúa þeirrar nefndar.
Tengsl út á við	Hver eru tengslin og hvers eðlis eru þau?	Vettvangsathuganir. Kannanir Gert á þriggja ára fresti	Sjálfsmatsnefnd
Vímuvarnir	Hverjar eru þær og hvernig er þeim fyrirkomið.	Vettvangsathuganir. Viðtöl Athugað árlega	Forvarnarfulltrúi ásamt fulltrúa úr sjálfsmatsnefnd.
Umhverfismál	Hver er stefna skólans og hvernig gengur að fylgja henni eftir?	Vettvangsathuganir. Viðtöl Viðhorfakannanir Gert á þriggja ára fresti	Skólameistari ásamt fulltrúa úr sjálfsmatsnefnd

E. Fjárhagsleg frammistaða

Mælikvarðar	Hvað er mælt	Hvernig /hvenær er mælt	Hverjir mæla
Fjárlög	Hvaða fjármagn fær skólinn frá ríkinu?	Farið er yfir fjárlög þegar þau liggja fyrir. Gert árlega	Skólameistari, fjármálastjóri ásamt fulltrúa úr sjálfsmatsnefnd
Rekstraráætlun	Hvað koma einstaka þættir sem viðkoma rekstri skólans til með að kosta? Hvernig falla þessir þættir að reiknilíkani framhaldsskóla.	Rekstraráætlun borin saman við fjárlög. Samanburður við fyrri ár. Gert árlega.	Skólameistari, fjármálastjóri ásamt fulltrúa úr sjálfsmatsnefnd
Rauntölur	Hvað kostar rekstur skólans raunverulega?	Rauntölur bornar saman við rekstraráætlun. Samanburður við fyrri ár. Gert haust og vor.	Skólameistari, fjármálastjóri ásamt fulltrúa úr sjálfsmatsnefnd
Innra eftirlit	Skoðum hvort rauntölur séu í samræmi við rekstraráætlanir og fjárlög.	Farið er yfir rauntölur, rekstraráætlanir og fjárlög. Er staðan eins og við á að búast?	Skólastjórnendur, fjármálastjóri ásamt fulltrúa úr sjálfsmatsnefnd